

ÖHU áætlun Orkubús Vestfjarða

INNGANGUR

Orkubú Vestfjarða ohf. leggur mikla áherslu á öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismál (ÖHU), hvort sem er við undirbúning framkvæmda, framkvæmdir eða rekstur mannvirkja.

Þessi viðauki útboðsgagna lýsir kröfum verkkaupa til stjórnunar umhverfismála og öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismála á verktíma

framkvæmdarinnar og hvernig þeim verður fylgt eftir. Í fyrsta hluta er lýst sameiginlegum þáttum, í kafla III.2, Stefna og markmið, er lýst kröfum vegna umhverfismála og í kafla III.3, Kröfur til öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismála(ÖHU), kröfum vegna ÖHU mála.

Almennar og sértækar kröfur til þessara málaflokka vegna verksins, hafa stoð í:

- Ákvæðum í opinberum leyfisveitingum.
- Lögum og reglugerðum sem lúta að öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum.
- Skilyrðum Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum.
- Stefnu og markmiðum verkkaupa í þessum málaflokkum.
- Viðmiðum í stöðlum BS OHSAS 18001 og ISO 14001 eða samsvarandi.
- Ákvæðum í samningum eða skuldbindingum verkkaupa við sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila.

Almennar kröfur gilda fyrir allt framkvæmdasvæðið og allan framkvæmdatímann.

Sértækar kröfur geta gilt um einstök svæði eða verkþætti.

Öllum aðilum sem verkkaupi ræður til verksins ber að vinna eftir þeim lögum, reglum og gildandi stöðlum sem við eiga, auk þess að vinna í samræmi við reglur og stefnur verkkaupa varðandi öryggi, heilbrigði og umhverfi.

Verkkaupi sækir um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni þegar aðaluppdrættir liggja fyrir.

STEFNA OG MARKMIÐ

Tilgangur þess að fylgjast með og stjórna ÖHU og umhverfismálum á byggingartíma flutningsmannvirkja er að framfylgja stefnu og markmiðum verkkaupa og skilyrðum opinberra aðila.

Stefna og markmið verkkaupa í þessum málaflokkum fyrir framkvæmdaverkefni koma fram í töflum 1 og 2.

<p>Stefna í ÖHU málum:</p> <ul style="list-style-type: none"> ➤ Að starfsfólk Orkubús Vestfjarða og aðilar sem starfa í verkefnum á vegum O.V. ljúki sérhverjum vinnudegi á öruggan hátt. ➤ Að stuðla að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi þar sem virðing er borin fyrir einstaklingum og starfi þeirra. ➤ Að stuðla að aukinni öryggis- og heilbrigðisvitund á meðal starfsfólks og þjónustuaðila Orkubúsins. Lögð skal áhersla á öryggi – ekki síður en hagsýni og hæfni í starfi. ➤ Að O.V. sé traust og áreiðanlegt fyrirtæki sem stuðlar að jákvæðum framförum gagnvart samfélaginu í öryggis- og heilbrigðismálum. ➤ Að Orkubúið sé framsækið fyrirtæki sem sífellt leitar að snjöllum, einföldum og hagkvæmum leiðum sem stuðla að auknum árangri á sviði öryggis- og heilbrigðismála þannig að Orkubúið verði fremst í flokki íslenskra fyrirtækja. 	<p>Markmið í ÖHU málum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Engin vinnuslys verði á verktíma. • Umhverfi starfsmanna sé öruggt og heilsusamlegt. • Starfsmenn noti ávallt tilskilinn öryggis- og hlífðarbúnað. • Framkvæmdar séu áhættugreiningar fyrir alla verkþætti.
---	---

Tafla 1 Stefna og markmið Orkubús Vestfjarða í ÖHU málum.

<p>Umhverfisstefna vegna framkvæmda:</p> <ul style="list-style-type: none"> ➤ Að halda umhverfisröskun á byggingartíma í lágmarki. ➤ Frágangur í verklok verði til fyrirmyndar. 	<p>Markmið - umhverfismál:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ekkert umhverfisslys verði á verktíma, þar með talið engin óstýrð losun óæskilegra efna. • Ekkert rask verði fyrir utan þau svæði sem skilgreind eru sem framkvæmdarsvæði
--	--

Tafla 2 Stefna og markmið Orkubús Vestfjarða í umhverfismálum.

STJÓRNUN ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG UMHVERFISMÁLA Á FRAMKVÆMDATÍMA

Áætlanir verktaka

Vegna mats á bjóðendum skulu allir verktakar skila með tilboðinu eigin áætlun um stjórnun öryggis-, heilbrigðis og vinnuumhverfismála (ÖHU) og stjórnun umhverfismála, sem borin er undir verkkaupa til samþykkis.

Í henni skal m.a. gerð grein fyrir skipulagi umhverfis- og öryggisstjórnunar hjá verktaka á verkstað og því hvernig hann hyggst uppfylla almennar og sértækar kröfur, sem gerðar eru til þessara málaflokka í útboðsgögnum, sem og öðrum kröfum í lögum og reglugerðum. Umhverfisáætlun verktaka getur verið hluti af ÖHU áætlun hans, ef það er talið henta.

Almennar kröfur til ÖHU og umhverfisáætlana verktaka:

- Verktaki lýsi hvernig hann hyggst uppfylla þær kröfur sem opinberar aðilar eða verkkaupi hafa sett fram varðandi þessa málaflokka framkvæmdarinnar.
- Hvernig stjórnun og stjórnskipulagi hann hyggst beita til þess að uppfylla kröfur.
- Í áætlun verktaka skal m.a. gera grein fyrir hvernig verktaki fyrirhugar að:
 - Koma í veg fyrir óhöpp og slys.
 - Bregðast við óhöppum og slysum.
 - Flokka og meðhöndla úrgang.
 - Halda umhverfisröskun á byggingartíma í lágmarki.
 - Frágangur í verklok verði ásættanlegur fyrir verkkaupa og til fyrirmyndar.

ÖHU – og umhverfisáætlanir allra verktaka skulu geymdar í öryggishandbók verksins.

Skipulag

Verktaki skal skipa fulltrúa fyrir ÖHU og umhverfismál fyrirtækisins í verkefninu

Umsjónarmaður verkkaupa (Orkubús Vestfjarða) fylgir eftir kröfum verkkaupa varðandi ÖHU- og umhverfismál.

Fulltrúi verktaka fyrir þessa málaflokka ber, fyrir hönd verktaka, ábyrgð á því að kröfum útboðsgagna um umhverfis- og öryggismál sé framfylgt af hálfu verktaka.

Fyrsti liður á verkfundum skal snúa að ÖHU og umhverfismálum verkefnisins.

Ábyrgðaraðilar verkefnis

Ábyrgðum og skyldum aðila vegna ÖHU mála er lýst í reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

Verkkaupi skipar umsjónarmann (Birgir Örn Birgisson) sem fer með umsjón ÖHU og umhverfismála fyrir hönd fyrirtækisins.

Verktaka ber að skipa sína fulltrúa varðandi ÖHU og umhverfismál. Einnig ber verktaka að tilnefna ábyrgðarmann vegna rafmagnsöryggismála í samræmi við reglugerð um raforkuvirki, nr. 678/2009 með ároðnum breytingum.

Upplýsingar um þessa aðila skulu liggja fyrir áður en samningar eru undirritaðir.

UPPLÝSINGAR, FRÆÐSLA OG ÞJÁLFUN

Verkkaupi mun hafa eftirlit með samningskröfum vegna umhverfis- og ÖHU mála og áskilur sér rétt til þess að framkvæma reglubundnar úttektir vegna þeirra.

Umsjónarmaður verkkaupa og fulltrúi verktaka skulu ávallt hafa samráð við eftirlitsaðila ríkis og sveitarfélaga.

Í töflu 3 er yfirlit yfir kröfur varðandi upplýsingar, fræðslu og þjálfun, til þess að tryggja að allir sem tengjast framkvæmdinni fái viðeigandi og réttar upplýsingar á tilsettum tíma.

Verkfundir.

- Á reglulegum verkfundum skulu öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál vera fyrsti liður á dagskrá hvers fundar.

Upplýsingamiðlun til starfsmanna.

- Fyrir upphaf framkvæmda skal verktaki kynna starfsmönnum sínum allar þær reglur sem varða öryggi, heilbrigði og umhverfi, sem gilda á framkvæmdasvæðinu. Á framkvæmdatíma gildir það sama varðandi breytingar á þessum upplýsingum. Tryggja skal að kynningin nýtist öllum, óháð móðurmáli þeirra.
- Verktaki skal skilgreina lágmarksupplýsingar sem nýir starfsmenn á framkvæmdasvæði þurfa að fá áður en þeir hefja vinnu.
- Gestir sem koma á framkvæmdasvæði eru á ábyrgð verktaka og skalhann upplýsa þá um öryggisreglur og sjá til þess að þeir hlíti þeim.

Hæfi starfsmanna:

- Ef unnið er í námunda við spennuhafa flutningsvirki, skal vinna ekki hefjast fyrir en verkkaupi hefur lokið öryggisnámskeiði fyrir starfsmenn verktaka um vinnu í námunda háspennuvirkja.
- Verktaki skal sjá til þess að allir starfsmenn sem sinna sértækum verkefnum hafi til þess tilskilin réttindi.
- Halda skal skrá yfir öryggisnámskeið og kynningar fyrir starfsmenn og gesti, svo og vottorð um hæfi starfsmanna til sérstakra verkefna og skal hún vera í öryggishandbók verksins.

Tafla 3. Yfirlit yfir kröfur varðandi upplýsingar, fræðslu og þjálfun vegna ÖHU- og umhverfismála.

ÁSÝND OG UMHVERFISRASK

Í verklok er gerð úttekt á frágangi verksins með þátttöku viðeigandi aðila til þess að tryggja að frágangur í verklok uppfylli kröfur verkkaupa.

Markmið:

Mannvirki verði felld að landinu eins og tók eru á og frágangur verði til fyrirmyndar í verklok. Verkið sé skipulagt og útfært þannig að umgengni sé snyrtileg á verk tíma. Ekkert rask verði fyrir utan þau svæði sem skilgreind eru sem framkvæmdasvæði. Við undirbúning verksins skal leitast við að halda stærð raskaðra svæða í lágmarki.

Almennar kröfur:

- Ganga skal frá efnisnámmum, haugsvæðum og vinnusvæðum fyrir búðir og aðra aðstöðu, þannig að í verklok verði ásýnd þeirra í samræmi við nánasta umhverfi.
- Þegar slík svæði eru opnuð skal jarðvegur frá yfirborði haugsettur og nýttur aftur við endanlegan frágang.
- Allt verklag verktaka skal tryggja snyrtilegan frágang umhverfis, s.s. slóða og plana. Slétta þarf og jafna gróf yfirborð og brúnir, þannig að mannvirkin falli sem best að umhverfinu. Tryggja skal faglegan frágang ræsa og jarðvegsdúka.
- Laga skal og jafna út allar skemmdir á landi eins fljótt og kostur er, til þess að draga úr hættu á skemmdum vegna rofs. Gengið skal frá þeim með hliðsjón af umhverfinu.
- Þar sem ná þarf upp gróðurþekju til samræmis við umhverfið, skal beita nauðsynlegum aðgerðum til þess að flýta gróðurmyndun svo sem áburðargjöf. Eftirlitsaðili Umhverfisstofnunar getur gefið leiðbeiningar um nánari útfærslu.
- Fjarlægja skal allt rusl af verkstað í verklok, s.s. efnisafganga, girðingarleifar, umbúðir o.s.frv. (sjá einnig kafla um Vatnsvernd).
- Innan framkvæmdasvæðis verði tekið tilliti til lífríkis eins og kostur er og raski haldið í lágmarki.

UMFERÐ OG HÁVAÐI

Markmið:

Allur flutningur til og frá framkvæmdasvæði sem og innan þess fari fram með eins miklu tilliti til umhverfisins og kostur er og lágmarka skal áhættu vegna samgangna (sjá einnig umfjöllun um umferðaröryggi í kafla III.3, *Kröfur til öryggis- heilbrigðis og vinnuumhverfismála (ÖHU)*).

Almennar kröfur:

- Akstur utan vega er ekki leyfður, enda varðar slíkt við lög um náttúrvernd. Sömu meginsjónarmið gilda einnig um akstur utan vinnuvega innan framkvæmdasvæða.
- Innan framkvæmdasvæðis skulu flutningar fara eftir eldri/fyrirliggjandi slóðum eins og kostur er.

Sértækar kröfur:

- Verktaki er ábyrgur fyrir þeim vegum og slóðum sem hann kann að leggja á framkvæmdasvæði og frágangi í verklok. Hann skal hafa samráð við umsjónarmann verkkaupa áður en farið er í nauðsynlega slóðagerð.

EFNANOTKUN OG ÚRGANGUR

Markmið:

- Á framkvæmdatíma verði meðferð og flokkun úrgangs til fyrirmyndar. Jafnframt skal leitast við að nota vistvænar vörur við rekstur við verkefnið eftir því sem kostur er.

Almennar kröfur:

- Áætlun um flokkun og meðferð úrgangs verktaka skal fylgja umhverfis- og öryggisáætlun hans.
- Ákvæðum í lögum og reglugerðum er varða heilbrigðis- og mengunarmál verði stranglega framfylgt í samvinnu við viðkomandi yfirvöld. Við meðhöndlun efna og úrgangs skal hafa eftirfarandi forgangsrið að leiðarljósi: Draga úr magni, endurnýta, endurvinna og farga.
- Sérstaklega þarf að gæta að meðferð á öllum spilliefnum svo sem jarðefnaeldsneyti og forðast í hvívetna slíka mengun í jarðveg og grunnvatn (sjá einnig kafla um Varnir gegn loft- og jarðvegsmengun).

- Framkvæmdasvæðið skal vera hreint og snyrtilegt. Efni og úrgangur skulu vera geymd vandlega til þess að forðast rusl á svæðinu og tryggja að slíkt valdi ekki slysum.
- Í verklok skal verktaki fjarlægja allan úrgang á framkvæmdasvæðinu.
- Efni sem eru bönnuð hjá verkkaupa eru þau efni sem eru bönnuð skv. íslenskum reglugerðum. Einnig skal forðast að nota eitru og hættuleg efni, skilgreind skv. reglugerð nr. 236/1990.
- Á verkstað og í öryggishandbók eiga að vera öryggisblöð fyrir öll merkingarskyld efni sem eru notuð á svæðinu.

Sértækar kröfur:

- Tilkynna skal strax til 112 um óhappið sé það af þeirri stærðargráðu að ekki sé unnt að hreinsa upp og fjarlægja mengunarvaldinn, tilkynna skal atburðinn til umsjónarmanns verkkaupa, samræmingaraðila framkvæmdasvæðis auk viðeigandi yfirvalda.

KRÖFUR TIL ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS - OG VINNUMHVERFISMÁLA (ÖHU)

- Við tímabundna mannvirkjagerð gilda reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Reglurnar eru hluti af þeim reglum sem falla undir vinnuverndarlöggjöfina og er lýst í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og tengdum reglugerðum. Þetta eru m.a. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og fræðslu- og leiðbeiningarit nr. 17 frá vinnueftirlitinu, auk annarra reglugerða og reglna sem gilda um framkvæmdina.
- Góð samvinna skal viðhöfð í öllum verkefnum, þar sem heiðarleiki, trúnaður, hreinskilni og öfgalaus umræða um vandamál á vinnustað stuðla að betra vinnuumhverfi, meiri vellíðan og minni slyshættu.

ÖRYGGISHANDBÓK VERKSINS

Markmið:

Að veita yfirsýn yfir gögn sem tengjast stjórnun öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismála verksins á verk tíma.

Almennar kröfur:

- Fulltrúi verktaka fyrir ÖHU málefni útbýr og heldur utan um öryggishandbók verksins sem gilda skal fyrir framkvæmdina í heild.
- Í öryggishandbók eiga að vera öll helstu gögn sem varða öryggi, heilbrigði og vinnuumhverfi sem gilda á framkvæmdatíma verksins.

Þau skjöl sem eiga að vera í öryggishandbókinni eru m.a.:

1. Öryggis- og heilbrigðisáætlun (kafli III.3, *Kröfur til öryggis- heilbrigðis- og vinnuumhverfismála (ÖHU)*) og umhverfisáætlun (kafli III.2, *Kröfur til umhverfismála*) verkkaupa fyrir verkið.
2. Öryggis- og heilbrigðisáætlanir allra verktaka og undirverktaka.
3. Umhverfisáætlanir verktaka.
4. Skrá yfir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði.
5. Fundargerðir öryggisráðs og efnisatriði fundargerða verkfunda er fjalla um ÖHU mál.
6. Yfirlitsmyndir af framkvæmdasvæði.
7. Afrit af tíma- og mannaflaáætlunum.
8. Niðurstöður áhættugreininga verktaka.
9. Skráningar og tilkynningar vinnuslysa, óhappa og annarra atvika á framkvæmdasvæði.
10. Staðfestingar og skrá yfir öryggisnámskeið fyrir starfsmenn og gesti.
11. Skrá yfir útgefin framkvæmda- og verkleyfi.
12. Skrá yfir öryggisúttektir og skoðanir á framkvæmdasvæði.
13. Eyðublöð er varða ÖHU málefni framkvæmdarinnar.
14. Lög, reglur og reglugerðir sem varða ÖHU málefni framkvæmdarinnar.
15. Upplýsingar um samskipti við Vinnueftirlitið, afrit úttekta og tilkynninga.
16. Skrá yfir öryggisúttektir og skoðanir á búnaði og tækjum.
17. Skrá yfir vottorð um hæfi starfsmanna til sértækra verkefna.
18. Afrit af framvinduskýrslum verktaka ef við á.
19. Ýmis önnur samskipti sem varða öryggi, heilbrigði og umhverfi á framkvæmdasvæði.
20. Ýmis önnur gögn sem varða öryggi, heilbrigði og umhverfi á framkvæmdasvæði.

Sértækar kröfur:

- Við upphaf verks skilar verktaki öryggishandbók verksins til fulltrúa verkkaupa.

SKIPULAG FRAMKVÆMDASVÆÐIS

Markmið:

Verktaki skal skipuleggja framkvæmdasvæði sitt með tilliti til þess að tryggja sem best öryggi og heilbrigði fólks og öryggi umhverfis við framkvæmdina.

Almennar kröfur:

- Yfirlitsmyndir af framkvæmdasvæði í útboðsgögnum sýna upplýsingar um:
 - fyrirhugaða staðsetningu mannvirkja, aðstöðu og búnaðar á framkvæmdasvæðinu,
 - legu háspennulína,
- legu vatnslagnar fyrir og eftir að hún er færð,
- legu jarðstrengja,
- annað það sem verkkaupi telur mikilvægt að upplýsa verktaka um.

TÍMA- OG MANNAFLAÁÆTLUN

Markmið:

Að tryggja að við gerð tíma- og mannaflaáætlunar sé sérstaklega hugað að verkþáttum sem hafa áhrif á öryggi, heilbrigði og umhverfi.

Almennar kröfur:

- Vinna við verkið skal vera í samræmi við vinnuverndarlöggjöfina og unnin innan hefðbundins vinnutíma eftir því sem kostur er. Sérstaklega skal gæta að þessum þáttum vegna vinnu við hættulegar aðstæður.
- Í tímaáætlun skal koma fram hvenær hinir ýmsu aðilar eru við vinnu á framkvæmdasvæði.
- Í tímaáætlun skal geta sérstaklega um hvenær vinna við hættulegar aðstæður fer fram.
- Verktaki skal taka tillit til óska verkkaupa, vegna samþættingar við önnur verk.

3.4 ÖRYGGISREGLUR FRAMKVÆMDASVÆÐIS

Markmið:

Að tryggja öruggt vinnuumhverfi fyrir starfsmenn, gesti og vegfarendur með því að varna slysum og óhöppum.

Almennar kröfur:

- Á framkvæmdasvæðinu skal fara eftir íslenskum lögum og reglum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Að auki gilda reglur verkkaupa og verktaka um öryggi við framkvæmdina.
- Tryggja skal að vinna nærri háspennuvirkjum fari einungis fram að viðstöddum öryggisverði á vegum verkkaupa.
- Notkun áfengis eða vímuefna er með öllu óheimil á framkvæmdasvæðinu.
- Sérstök áhersla er lögð á að eftirfarandi öryggisreglur séu alltaf hafðar í heiðri á framkvæmdasvæðinu á meðan framkvæmdir standa yfir:
 - Ávallt skal nota viðeigandi sýnileikafatnað, hlífðarfatnað, persónuhlífar og öryggisbúnað.
 - Merkja skal sérstaklega og takmarka aðgengi að öllum hættulegum svæðum.
 - Kynna sér og virða helgunarsvæði raforkuvirkja.
 - Ávallt skal sótt um verkleyfi vegna verka í námunda við raforkuvirki í rekstri.
 - Ávallt skal fylgja almennum öryggisreglum varðandi raforkuvirki í rekstri, svo sem fram koma í orðsendingum Mannvirkjastofnunar nr. 1/84 og 2/84.
 - Slys, óhöpp, hættutilvik og aðrar aðstæður sem gætu valdið slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum, búnaði eða umhverfi skal tilkynna án tafar.
 - Starfsmenn verktaka skulu kynna sér staðsetningu öryggis- og neyðarbúnaðar á verkstað og tryggja að flóttaleiðir séu ávallt án hindrana.
 - Starfsmenn verktaka skulu ekki vinna við tæki eða búnað nema þeir hafi kunnáttu, réttindi og heimild til þess.
 - Starfsmenn verktaka skulu fylgja gildandi reglum og leiðbeiningum og forðast að taka áhættu. Ef vafi leikur á, skal afla upplýsinga hjá næsta yfirmanni.
 - Starfsmaður verktaka skal hætta störfum og gera viðeigandi ráðstafanir telji hann vinnuaðstæður vera óöruggar og uppfylli ekki lög og reglur. Hann skal upplýsa sinn yfirmann strax um málið.
 - Við meðferð elds og við vinnu sem valdið getur íkveikju skal hafa slökkvitæki við hendina og sýna sérstaka aðgæslu.
 - Ef starfsmaður verktaka nálgast slysstað, þar sem rafmagnsslys hefur orðið, finnur fiðring í fótunum eða neðri hluta líkamans, skal hann snúa samstundis tilbaka og óska tafarlaust eftir rofi á rafmagni.

Sértækar kröfur:

- Lágmarks kröfur um notkun persónuhlífa á framkvæmdasvæðinu eru: Öryggishjálmur, öryggisskór, sýnileikafatnaður og öryggisgleraugu.

Öryggisgæsla á framkvæmdasvæði

Markmið:

Að lágmarka hættu á slysum, óhöppum og óþægindum fyrir vegfarendur, með því að tryggja sem réttust viðbrögð.

Almennar kröfur:

- Verktaki skal lýsa umfangi öryggisgæslu á framkvæmdasvæði. Þar skal m.a. fjallað um eftirfarandi þætti:
 - Reglur varðandi umgengni.
 - Fyrirkomulag vöktunar.
 - Takmörkun á aðgengi, m.a. girðingar og merkingar.

Sértækar kröfur:

- Allstaðar þar sem möguleiki er á að vatn safnist skal verktaki sjá til þess að það hafi eðlilega framrás eða dæla því burtu. Alla slíka staði skal verktaki girða af sbr. fyrri liður.
- Verktaki skal koma upp og annast rekstur á allri nauðsynlegri lýsingu á framkvæmdasvæði sínu.

Umferðaröryggi á og í námunda við framkvæmdasvæði

Almennar kröfur:

- Verktaki skal kynna sér aðkomuleiðir til og frá framkvæmdasvæði, frá þjóðvegi, vegum eða slóðum.
- Verktaki skal við flutninga til og frá svæðinu, taka mið af aðstæðum og ákveða hámarksþyngd og stærð ökutækja samkvæmt þeim og þeim reglum sem almennt gilda. Haft skal í því sambandi samráð við Vegagerðina.
- Verktaki skal leggja til öll umferðarskilti og annan búnað til bráðabirgðamerkinga sem nauðsynlegur er á verk tímanum.
- Hafa skal samráð við viðkomandi yfirvöld, lögreglu og Vegagerðina, vegna merkinga á þeim stöðum þar sem almennar umferðar gætir.
- Gengið skal frá öllum merkingum áður en framkvæmdir hefjast.

HEILBRIGÐI Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

Markmið:

Að tryggja með sem bestum hætti heilbrigt vinnuumhverfi fyrir starfsmenn, gesti og vegfarendur.

Almennar kröfur:

- Verktaki skal tryggja að hreinlætisaðstaða á framkvæmdasvæði sé í samræmi við lög og reglur um hollustuhætti og mengunarvarnir.

III.3.6 VINNUSLYS, ÓHÖPP OG ÖNNUR ATVIK

Markmið:

Að tryggja að rétt viðbrögð séu viðhöfð við skráningu og tilkynningu vinnuslysa, óhappa og annarra atvika á framkvæmdasvæði.

Almennar kröfur:

- Í viðbragðs- og neyðaráætlun er gerð grein fyrir viðbrögðum við vinnuslysum, næstum slysum, óhöppum og öðrum hættulegum atvikum á framkvæmdasvæðinu.
- Verði starfsmenn á framkvæmdasvæði varir við slys, óhöpp, næstum slys eða aðrar hættulegar aðstæður á svæðinu skulu þeir tilkynna það tafarlaust til öryggisfulltrúa verktaka eða næsta yfirmanns.
- Við alvarlegt slys eða óhapp skal strax haft samband við Neyðarlínu 112. Einnig skal það tilkynnt til verkkaupa og samræmingaraðila framkvæmdasvæðis eins fljótt og kostur er.
- Verktakar skulu tilkynna öll vinnuslys til Vinnueftirlitsins.
- Sé um rafmagnsslys að ræða skal það einnig tilkynnt til Mannvirkjastofnunar.
- Verktakar skulu halda skrá um næstum slys, óhöpp og önnur hættuleg atvik á framkvæmdasvæðinu. Öll skráð atvik skulu greind af öryggisfulltrúa verktaka og umsjónarmanns verkkaupa, sem metur þörf á úrbótum eftir því sem við á.
- Allar ofangreindar upplýsingar skulu vera í öryggishandbók verksins.
- Verktakar skulu sjá til þess að á framkvæmdastað sé til staðar skyndihjálparbúnaður og að starfsmenn hafi þjálfun í að nota hann. Gera skal grein fyrir staðsetningu aðstöðu og búnaðar á yfirlitsteikningum.

III.3.7 VIÐBRAGÐS- OG NEYÐARÁÆTLUN

Markmið:

Að viðbrögð við neyðartilvikum séu skilmerkileg og lágmarka þannig viðbragðstíma og skaða.

Almennar kröfur:

- Verktaki skal útbúa viðbragðs- og neyðaráætlun sem lýsir viðbrögðum við neyðartilfellum sem geta komið upp á framkvæmdasvæðinu. Að lágmarki skal gerð grein fyrir eftirfarandi atriðum:
 - Viðbrögðum við eldsvoða á vinnusvæðum eða í farartækjum.
 - Viðbrögðum vegna vinnuslysa, alvarlegra slysa eða veikinda.
 - Viðbrögðum vegna næstum slysa og óhappa.
 - Viðbrögðum vegna rýmingar.
 - Neyðarsímanúmerum og boðun viðbragðsaðila.
 - Móttöku viðbragðsaðila (m.a. lögreglu, sjúkra- og slökkviliðs, björgunaraðila og þyrllu).
 - Viðbrögðum við váverkum (hryðjuverka eða skemmdarverka).
 - Viðbrögðum við náttúruhamförum.
 - Viðbragðsáætlunum er varða umhverfismál (sjá Stjórnun umhverfismála framkvæmdasvæðis).

III.3.8.1 Áhættumat á framkvæmdastigi

Almennar kröfur:

- Verktakar skulu ávallt leitast við að stýra áhættu vegna verkefna í framkvæmdinni þannig að hún verði í lágmarki.
- Verktakar skulu gera grein fyrir öryggisráðstöfunum og öryggisreglum við áhættusamar vinnuáðstæður. Farið skal eftir öllum opinberum reglum ásamt reglum verkkaupa. Með áhættusömum vinnuáðstæðum er m.a. átt við vinnu við eftirtaldar áðstæður:
 - Vinna við eða í námunda við háspennulínur og annan rafmagnsbúnað.
 - Vinna í hæð.
 - Vinna einsamall / einsömul.
 - Vinna við lyftibúnað.
 - Vinna við boranir og sprengingar.
 - Vinna í lokuðum rýmum.
 - Vinna með hættuleg efni.
 - Vinna við raf- og logsuðu.
 - Vinna við þunga forsmíðaða hluti.
 - Vinna við gröft og jarðvinnu.

Vinna við áðstæður sem fram koma í gátlista fræðslu- og leiðbeiningarits

Vinnueftirlitsins nr. 17, eftir því sem við á.

- Verktakar skulu gera skriflegt áhættumat vegna allra verkþátta áður en hafist er handa við framkvæmd. Sérstaklega skal hugað að verkþáttum þar sem mönnum eða umhverfi er hættu búin. Hafa má hliðsjón af fræðslu- og leiðbeiningaritum Vinnueftirlitsins nr.20 og 21 varðandi áhættugreiningar eða aðrar kerfisbundnar aðferðir. Einnig má styðjast við leiðbeiningarit Samorku „Handbók um áhættumat“.

EFTIRLIT MEÐ ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG VINNUMHVERFISÞÁTTUM

Markmið:

Að tryggja að reglulegt öryggiseftirlit með vinnu og búnaði á framkvæmdasvæði fari fram.

Eftirlit

Almennar kröfur:

- Öryggisfulltrúar verktaka framkvæma skoðanir á framkvæmdasvæði með tilliti til ÖHU málefna á tveggja (2) vikna fresti.
- Halda skal skrár um þessar skoðanir og niðurstöður þeirra og geyma í öryggishandbók verksins.
- Verktaki skal sinna óskum allra opinberra eftirlitsmanna vegna úttekta á framkvæmdasvæði.
- Afrit af úttektum og tilkynningum til opinberra aðila skulu vera í öryggishandbók verksins.
- Verktaka ber að gera úrbætur á eigin kostnað telji umsjónarmaður verkkaupa eða opinberir eftirlitsmenn öryggisráðstafanir ófullnægjandi.
- Sinni verktaki ekki óskum um úrbætur er verkkaupa heimilt að gera nauðsynlegar lagfæringar á kostnað verktaka.

Viðhald, prófanir og skoðanir á öryggisbúnaði

Almennar kröfur:

- Verktaki skal sjá til þess að allur búnaður og öll tæki sem nauðsynleg eru við framkvæmd verksins séu í fullkomnu lagi, þau uppfylli tilhlýðilegar öryggiskröfur og kröfur framleiðanda, þau séu reglulega skoðuð og þeim við haldið.

Þetta gildir m.a. fyrir:

- Vinnuvélar og búnað þeirra.
- Vinnupalla og annan útbúnað sem notaður er við vinnu í hæð og þarf að bera þunga.
- Fallvarnabúnað.
- Vélknúin verkfæri.
- Hífingar og lyftibúnað.

- Allar gerðir faratækja og búnaðar sem komið er fyrir á farartækjum.
- Eldvarna- og slökkvibúnað.
- Skyndihjálpar- og sjúkrabúnað.
- Sýnileikafatnað og persónuhlífar.
- Varúðarmerkingar, skilti, afmarkanir og varnargirðingar.
 - Verktaki skal halda skrá yfir viðhald, skoðanir og prófanir á slíkum búnaði og skal hún vera í öryggishandbók.